

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12;
EYJUR OG SKER

HLUTI G
VESTURLAND
UTAN BREIÐAFJARÐAR

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRIÐI	3
2.	UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR	4
3.	ALMENNT UM HLUTA G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR	6
3.1.	Afmörkun kröfusvæðis G, Vesturland utan Breiðafjarðar	6
3.2.	Sveitarfélög á kröfusvæði G, Vesturland utan Breiðafjarðar	6
4.	HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR.....	7
4.1.	Snæfells- og Hnappadalssýsla	7
4.2.	Mýrarsýsla	7
4.3.	Borgarfjarðarsýsla	57
5.	KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR.....	60
5.1.	Almennt.....	60
5.2.	Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	61
5.3.	Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	65
5.4.	Utan þjóðlendukröfu íslenska ríkisins	66
6.	ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI	66

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
EYJUR OG SKER

HLUTI G
VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, Eyjar og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023, 1. febrúar og loks til 2. febrúar 2024.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis: Svæði 12, Eyjar og sker, afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt beltí, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.

2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt í eftirfarandi átta hluta:

- HLUTI A, SUÐURLAND
- HLUTI B, AUSTURLAND
- HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRÁ
- HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA
- HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR
- HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR
- HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR
- HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjur og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnslueiningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðisins var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund bladsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettur, annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis nafngreindar landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Við gerð kröfulýsingar var ákveðið að skipta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tilteknar jarðir.

Loks eru það eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu.

Í mörgum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er í heimildum oftast vísað til tiltekinnar eyju sem heimaeyjar eða heimalands, en til annarra landfræðilegra eininga sem úteyja o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfufusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfulýsingar.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er því með þeim hætti, sem fyrir segir, að lýst er þjóðlendukröfu í allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar, bæði nafngreindar og ónafngreindar, sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hvers hluta kröfulýsingar, en að undanskildum þeim tilgreindu eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegu einingum sem tekið er fram að ekki sé gerð krafa til. Má hér segja að beitt sé útilokunaraðferð, þar sem svæði sem talin eru undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli fyrirbyggjandi heimilda eru útilokuð, en lýst er þjóðlendukröfu í öll önnur svæði.

Til nánari skýringar hér að lútandi vísast til kafla 5 í kröfulýsingu þessari. Þar er í kafla 5.1 fjallað almennt um málsástæður og röksemdir ríkisins til stuðnings þjóðlendukröfum. Í kafla 5.2 er síðan fjallað um þær nafngreindu eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur til. Í kafla 5.3 er síðan áréttað að ónafngreindar eyjar, sker og landfræðilegar einingar falli jafnframt innan þjóðlendukröfu. Þá er í kafla 5.4 getið um þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur ekki til.

Til viðbótar framangreindu má geta þess að framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur að því leyti að þau svæði (eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar) sem þjóðlendukrafa tekur til eru ekki afmörkuð af kröfupunktum og -línnum. Ástæða þessa er framangreindur fjöldi þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til og sú staðreynd að nokkur hluti þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til er ónafngreindur og óstaðsettur. Þá er það í langflestum tilvikum svo að þjóðlendukrafa tekur til alls þess svæðis sem um ræðir hverju sinni, þ.e. allrar viðkomandi eyju, alls skersins o.s.frv.

3. ALMENNT UM HLUTA G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

3.1. Afmörkun kröfusvæðis G, Vesturland utan Breiðafjarðar

Hluti G liggur að eftirfarandi sýslum:

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla (hluti)

Mýrasýsla

Borgarfjarðarsýsla

3.2. Sveitarfélög á kröfusvæði G, Vesturland utan Breiðafjarðar

Á kröfusvæði G, Vesturland, eru eftirfarandi sveitarfélög:

Sveitarfélagið Snæfellsbær

Sveitarfélagið Snæfellsbær varð til 11. júní 1994 með sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurbrepps og Staðarsveitar. hrepps, Haukadalshrepps, Hvammshrepps, Laxárdalshrepps, Skarðshrepps og Suðurdalshrepps. Eini þéttbýliskjarninn er Búðardalur. Þéttbýliskjarnar eru þrjár; Ólafsvík, Hellissandur og Rif. Íbúar sveitarfélagsins voru 1.678 árið 2023.

Eyja- og Miklaholtshreppur

Eyja- og Miklaholtshreppur varð til 26. júní 1994 með sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps. Enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu. Íbúar sveitarfélagsins voru 114 árið 2023.

Borgarbyggð

Sveitarfélagið Borgarbyggð varð til 11. júní 1994 við sameiningu borgarnesbæjar, Hraunhrepps, Norðurárdalshrepps og Stafholtstungnahrepps. Álfaneshreppur, borgarhreppur og Þverárhlíðarhreppur sameinuðust 7. júní 1998. Þéttbýliskjarnar eru fimm; Borgarnes, Bifröst, Hvanneyri, Kleppjárnstrykir og Reykholt. Íbúar sveitarfélagsins voru 4.090 árið 2023.

Skorradalshreppur

Skorradalshreppur er eini hreppurinn í Borgarfirði sem ekki tilheyrir Borgarbyggð. Enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu. Íbúar sveitarfélagsins voru 75 árið 2023.

Hvalfjarðarsveit

Sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit varð til 1. júní 2006 við sameiningu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps. utan Ennis, Breiðuvíkurbrepps og Staðarsveitar. Eini þéttbýliskjarninn er Melahverfi. Íbúar sveitarfélagsins voru 765 árið 2023.

Akraneskaupstaður

Ytri-Akraneshreppur fékk kaupstaðarréttindi 1942 og hét eftir það Akraneskaupstaður. Eini þéttbýliskjarninn er Akranes. Íbúar sveitarfélagsins voru 7.997 árið 2023.

4. HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

4.1. Snæfells- og Hnappadalssýsla

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur, sker eða aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar innan þess hluta kröfussvæðisins.

4.2. Mýrarsýsla

4.2.1. Heimildir um eyjur í byggð

4.2.1.1. Hvalseyjar

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hítardal:

Eggver af æðarfugli og dúntekja þar af í Hvalseyjum, vide infra Hvalseyjar. Selveiðivon vetur og sumar í Hvalseyjum, vide infra. Rekavon í sömu eyjum, vide infra. Sölvatekja í Hvalseyjum, vide infra. Skipsuppsátur í Hvalseyjum, vide infra.¹

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hvalseyjar:

Eyðilönd umflotin í sjó, liggja næst Akralandi í Hraunhrepp. Þar hefur að fornu byggð verið og þó svipul, en sýnileg eru merki til þess; ætla menn að vatnsleysi hafi mest meinað byggðinni. Dýrleikinn er 1x c. Eigandi að xxx c beneficium Hítardalur, og so tíundast sá helmíngur fátækum alleina. Eigandi að öðrum xxx c prófastsekkjan Sigríður Hákonardóttir að Syðri Rauðamel, og tíundast þessi xxx c fjórum tíundum. Menn eru ekki fullvissir um nær hún hafi eignast xx c af þessu landi, en ein xx hefur hún eignast síðan 1702. Helmíngur, sem staðnum tilkemur, hefur ekki leigður verið, það menn til vita, heldur beneficium Hítardalur brúkað og notað. En xxx c, sem proprietario tilheyra, ætla menn bygst hafi fyrir í c í reiðipeningum eður öðrum góðum aurum. [...] Eggvers og dúntekjuvon er góð, heppnast eftir því sem ært er, til helmíngaskifta. NB. Þessar Hvalseyjar ættu að setjast næst eftir jörðuna Akra, því þeim liggja þær næst, og lágu þángað til kirkjusóknar, þegar hjer var byggð.²

Í Sýslu- og sóknarlýsingum fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur segir m.a. um Hvalseyjar:

Hítardalskirkja – Hítardalssókn: Að auki þeirra jarða sem áður upptaldar eru í sókninni, hvörjar allar eru <u> kirkjunnar eign, á hún þessar eftirfylgjandi: A. Í Mýrasýslu: Knararnes með Geldingaeyjum í sömu sókn og hrepp, C. Í Snæfellsnesssýslu: Kirkjan á hér að auki Hvalseyjar hálfar sem eru framundan Ökrum hvar að er selveiði, æðarvarp og nokkur lundatekja, þar vex skarfakál og hvannir.³

Í útsuður frá Akranessenda 1^a viku sjóar liggja 8 eyjar, kallaðar Hvalseyjar. Þær liggja allar í tvísettri röð frá austri til vesturs. Þær eru 60 hndr. að dýrleika, hálfar b(ónða) eign, hálfar H(ítar)dalskirkju eign. Húsey er þeirra norðust, í henni var áður byggð til hvörs enn sér mót, þar er líka vat<n>sból. Það hefir réttorður

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 457.

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 460.

³ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 150.

maður sagt að í Akrakirkju skjölum hafi lýsutollur frá Húsey verið talinn Akrakirkju til inntektar. Nú er ey þessi hálf vaxin hvönn, hálf melgresi, umhverfis hana eru klettur nema að norðan og austanverðu er sandur. Austur af sandinum heita Sethamrar. Suður af Húsey er Kjaransey, graslítil með skarvakáli. Í útsuður þaðan er Sandey með grasi, hvönn og klettum allt um kring. Í vestur af henni er Þernuklettur með litlu af skarvakáli. Norður af honum er Skáley með klettum víðast um kring meli og skarvakáli vaxin. Í vestur frá henni er Hópey með grastóm; sunnan til í henni er lítil tjörn sem flæðir upp í og er kölluð Hóp, allt í kringum hana eru klettur og sker. Í norður frá henni eru 2 Grjóthólmar með grastoppum hér og þar. Suður af þeim er Búðarey; á henni standa 2 búðir sem menn liggja í á vorum meðan eggvarp og selveiði stendur. Ey þessi er graslítil en töluvert af hvönn vex hér. Milli Búðareyjar og Skáleyjar er örmjött sund sem fjarar um hvörja fjöru. Í útnorður undan Búðarey er hátt sker kallað Skarfasker. Um kring eyjarnar eru ótal sker og boðar, hér eru töluvert hlunnindi af æðavarpi, lundatekju, látursels kópaveiði á vorum, útselskópa uppdrápi á haustum og af fullorðins útsels uppdrápi á vetrum þegar framá kemur, þó misfellur mjög það seinast talda, líka er hér króaður fullorðinn selur á vorin þegar kópaveiðin er úti. Í Búðarey er vatnsból sem þó fellur sjór uppí.⁴

Í landamerkjabréfi Hvalseyja sem þinglesið var á manntalsþingi að Lækjarbug 21. júní 1924 segir eftirfarandi:

Hvalseyjar liggja í hvirfingu og eru þessar helztar: Húsey, Kjaransey, Sandey, Þernuklettur, Hópey, Skáley, Búðarey, Stóri-hólmi og Litlihólmi. Milli þeirra og í kringum þær er fjöldi skerja, smærri og stærri, er tilheyra eyjunum. Yzt í hringnum og hæst eru Skarfasker norðvestast, Dyngjur – 2 sker – að norðaustanverðu, Stólpar að suðaustan, sandeyjarsker að sunnan og Arnarklettur að suðvestan. Út frá nefndum eyjum og skerjum, svo og smærri skerjum þar út frá, ásamt öllum sundum þar á milli, liggur merkjalína í opinn sjó kringum eyjarnar og skerin í þeirri fjarlægð frá stórstraumsfjörðu borði þeirra, sem lög mæla fyrir. Að norðan koma saman merki Hvalseyja og Akra í næsta sundi framan við Miðleiðasker.⁵

4.2.1.2. Skutulsey

Í jarðabók segir m.a. um Skutulsey:

Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, og er það til líkinda hjer um, að skamt þar frá, sem kirkjan skyldi staðið hafa, er nú kallaður Maríusandur. Jarðardýrleiki xxx c og svo túndast. Eigandinn börn Magnúsar Hrómundssonar að Hjörtsey undir hans fjárhaldi, og hafa tekið það að erfð eftir móður sína síðan 1703. Ábúandi Gils Bárðarson [...] Eggver og dúntekja

⁴ Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmennnafélags 1839-1873, bls.157-158.

⁵ Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, 1923-1993, bls. 122.

í sjáfarhólmum gagnvænleg, hefur áður góð verið, en þykir nú fara til rýrðar nokkur ár. Lunda og kofutekja og fiðurtekja þar góð, sje vel að sókt.⁶

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Skutulsey:

Skutulsey, 30 hndr., b(ónða)e(ign), er í suðvestur frá Tröðum 1/3 mílu undan meginlandi, umflotin sjó á alla vegu, landslagið er þurr nema ein lítil mýri í úts(uður) frá bænum. Eyjan er 300 f(aðma) löng í vestur og suðaustur, 150 f(aðma) br(eið) í útsuður og austur með sandi og sjógrjóti umhverfis, undirorpin stórskemmdum bæði af sandi og sjóargangi. [...] Umkring eyjuna, einkum að norðanverðu eru smáeyjar. 3 hólmar eru í útsuður frá eyjunni og fjarar í alla. Í þeim er dálítið gras og lítilfjörleg æðarvarp sem skemmist af sjóargangi.⁷

Í landamerkjabréfi Skutulseyjar, sem þinglesið var á manntalsþingi að Lækjarbug 21. júní 1924 segir m.a.:

1. Móti Vog: Úr Klofasteinum vest-suðvestur í sjó fram allfjarri hinum stærri skerjum frá báðum hliðum. 2. Móti Tröðum: Úr Klofasteinum suður beint í hæsta steininn á skerinu við Skutulseyjarsund austan Linghólma, þaðan bein lína austur, – er stefnir á vörðu á norðurenda Þórðarholts – í álinn suðaustur af Sundhólma. 3. Móti Skálanesi: Þar ræður aðal állinn í leirunum vestan Skálanes og austan eyjar og hólma suður og suðvestur þar til merkjavörðu á Halldórsholti ber framan við Tangann neðan Einarshjalla. 4. Móti Seljum og Hjörsey. Þar ræður állinn í leirunum frá Skálanesi-merkjum vestan Reiðstein og Kríusker, Seljarhólma, Stokka og Odda ásamt smáskerjum, en sunnan Skutulseyjarsker og Boðatær syðri útá rúmsjó.⁸

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1953 segir m.a. um Skutulsey:

Í norðvestur frá Hjörseyjarsandi, hinu megin við vík eina mjóa, sem kölluð er Hjörseyjarvík, er Skutulsey, lítil eyja, en gagnsöm. Fullra tveggja kílómetra langt rif með smáhólmum hér og þar sameinar eyna landi. Er reitt út í eyna eftir rifinu um fjöru. Þar var útræði áður. Fyrir á tímum var þar bænhús eða hálfkirkja. Nú hefur býli þetta verið í eyði um þriggja ára bil og lagt undir Traðir, en sá bær stendur á landi, þar sem rífið út til eyjarinnar hefst.⁹

4.2.1.3. Hjörsey

Í jarðabók segir m.a. um Hjörsey:

Kirkjustaður annecteraður við Akra, Krossholt og Kolbeinsstaði. Jarðardýrleiki 1x c og so túndast. Eigandi Ragnheiður Þorsteinsdóttir að Skarði á

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 433-434.

⁷ Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 161

⁸ Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, 1923-1993, bls. 123.

⁹ Ferðafélag Íslands, Þorsteinn Þorsteinsson, 1953. Árbók: Mýrasýsla, bls. 90.

Skarðsströnd. Ábúandi Magnús Hrómundsson. [...] Torfrista og stúnga næg, og so móskurður til eldiviðar. Eggver í tveimur vatnahólmum, sem á heimaeyjunni eru og lítil dúntekja með. Eggver og dúntekja er í sjáfareyjum, heppnast misjafnt. Eigg eggversskerið þarf árlega með grasáburði að rækja, skuli ekkverið ekki afleggjast. Lunda og fiðurtekja oft að gagni. Selveiðivon sjaldan til stórra gagnsmuna. Allra þessara kosta nýtur ábúandi. Rekavon í betra lagi. Sölvafjara góð, brúkast lítt. Fjörugrös eru til, brúkast ekki. Hrokkelsafjara hefur verið í betra lagi, næstu 2 ár gagnlaus.¹⁰

Þá segir um Lambhústún, gamla hjáleigu af Hjörtsey eftirfarandi:

Ábúandinn Bjarni Sigurðsson. [...] Sölvafjara bjargleg í takmörkuðu plátsi við heimafjöruna, sem hjáleigunni fylgir. Móskurður nægur ut supra. Af eggveri, dúntekju, fuglveiði, fiðurtekju, selveiði, reka og skipaútvæg hefur hjáleigumaðurinn ekkert, en nýtr annara óskiftra kosta jarðarinnar, so sem honum þarfnast, og eru því kostir og ókostir fyrir utan áðurtalin hlunnindi sömu og á heimajörðunni, nema sjór grandar hjer ei túninu.¹¹

Þá segir um Mángabúð, aðra hjáleigu af Hjörtsey eftirfarandi:

Önnur hjáleiga, bygð fyrir manna minni skamt frá heimatúninu. [...] Oosakot heitir eitt örnefni á heimaeyjunni, og eru munnmæli, að þar muni að fornu bygð hafa verið, því þar sjást enn nú tóftarústir því líkar, að þar muni einhverntíma hafa bygð verið. En enginn nálæggra veit hjer um frammar að undirretta. Staðarmóar heitir annað örnefni á heimaeyjunni. Það eru og munnmæli, að þar hafi staðurinn Hjörsey að fornu bygður verið og þaðan fluttur þángað sem nú er hann. Sjest og en á þessu plátsi merki til tóftarústa og túngarðsleifa, en enginn kann hjer neitt víst að undirrettaþ Ekki má hjer aftur byggja þó menn vildu, því þetta landspláts er nú holt og graslítill svarðleysumóar.¹²

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu segir m.a. um Hjörsey:

Hjörtsey, 20 hndr. Þar er kirkjustaður og embættað 6^{ta} og 7^{da} hvörn helgan dag. Eyjan er umflotin allt um kring af sjó; að norðanverðu liggur sund með eyjunni sem kennt er við hana 1/3 viku sjóvar breitt, út úr því fellur með hvörri fjöru. [...] Landslagið er mestpart votlent en umhverfis eyjuna eru sandbakkar. Vestan til á eyjunni stendur bærinn; í landsuður frá honum er vatn [...] Í eyzni voru áður 10 kot byggð, nú eitt sem heitir: Lambhústún, 10 hndr. Að dýrl(eika), b(ónða)e(ign). Það er skammt í suður frá bænum. 2 túngerði umgirt eru í eyjunni; Víkurtún girt umhverfis með 200 faðma löngum garði, af því fást 30 kaplar af töðu. 2 Krosstún, umgirt með 280 f(aðma) löngum garði, það er í ræktun. Öll er eyjan grasi vaxin og þó sjávangurinn 1799 afmyndaði hana og er hún ennþá mjög fögur og arðsöm, á henni verpur æðarfugl, svartbakur og kría, þar er líka teistikofnatekna. Hér er mótak, sölvatekja og trjáreki.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 428-429.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 429-430.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 431-432.

Lambústún fær ekkert af hlunnindum eyjarinnar nema afskipt eggvarp á heimaeyjunni.¹³

9 eyjar fylgja Hjörtsey, liggja þær í austur frá henni, allar litlar, kallaðar Lambeyjar, allar grasi vaxnar, í þeim er æðavarp og lundakofnatekja samt fjárbeit; [...] 3 sker eru í sundinu sem aldrei fara í kaf. Vestur frá eyjunni er Æðasker, í því var varp en ekki nú. Í útsuður frá eyjunni er Selsker, kúpuvaxið og slétt með björgum umhverfis, 20 f(aðma) l(angt), 5 faðma br(eitt). Í norður frá því er Hellnasker töluvert hátt, kringlótt; suður af því er Sáta gróflega há með meltoppum í kalli, í henni verpa 100 æður. Í vestur útsuður frá eyjunni hér um 1 viku sjóar er hákallamið og nokkru nær fiskimið hvar allskonar fiskur aflast. Selveiði á vorin er í kringum eyjuna hvar eð eru mörg smásker og hrognkelsa afli í sundinu hvar þau finnast í lónum til hlítar á stundum um fjöru upp frá því einmánuður byrjar.¹⁴

Í landamerkjabréfi fyrir Hjörsey, sem þinglesið var á manntalsþingi að Lækjarbug 21. júní 1924 segir m.a.:

1. Móti Skutulsey: þar ræður aðal-állinn sunnan Boðahellu og Boðatær, inneftir vestan Odda og Stokka og smásker þar í grend, alt inn undir Seljahólma. 2. Móti Seljum: Úr álnum framan og vestan Seljahólma austur um vestri Þrengsli, suðaustur miðja Keldu, um syðri Þrengsli og þaðan bein lína austur fyrir Sandláareyri (Skutulseyjarhús um Syðri Þrengsli) þar til saman bera merkjavörður á landi milli Hamrenda og Selja. 3. Móti Hamrendum: Frá Seljamerkjum bein lína suður og fram undan síðastnefndum vörðum, þar til kemur fram fyrir Hamrendanes, þá bein lína suðaustur (Hofstaðahús gömlu innan við háa klettinn austur af Geldingaey) framan nesið og Stakasker í áralinn vestur og fram af Hamr[a]endahólmum. 4. Móti Knarrarnesi: Frá síðastnefndum merkjum állinn norðan og vestan Geldingaey, suðaustan Lambeyjar og skerin fram af þeim og austan við Hval; þaðan bein lína í sjó fram milli Bótarskerja. 5. Hjörsey fylgja öll sker suður, suðvestur og vestur af eyunni, innan þeirra merkja er getur um í 1. og 4. lið.¹⁵

Í Árbók Ferðafélags Íslands, 1953, segir m.a. um Hjörsey:

Vestasti hreppur sýslunnar er Hraunhreppur, og eru vesturtakmörkin um Hítará, er ræður sýslumörkunum, en neðsti eða syðsti bærinn er Hjörsey. Neðri hluti sveitarinnar, upp fyrir Stykkishólmsbraut, er afar blautlendur og svipar um það til miðbik Álftaneshrepps. [...] Leiðir eru litlu betri en í Álftaneshreppi og þá helzt með lækjum fram, en þeir eru margir holbektir grafarlækir og fenin fram á bakka þeirra. Hjörsey er hluti af rífi, er liggur suður frá meginlandinu. Er býlið sunnarlega á því, gegnt Knarrarnesi, en vík mikil, kölluð

¹³ Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 165-166

¹⁴ Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 166

¹⁵ Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, 1923-1993, bls. 130.

Knarrarnesfjörður, er gengur milli eyja þeirra og norður í sveitina, skiptist í smærri víkur, voga og sund, og deilir landinu í hólma, sker, eyjar og nes. Upp frá Hjörsey er rif þetta reitt um háfjör. Tekur þá við önnur eyja, en óbyggð, kölluð Hjörseyjarsandur. Þaðan er aftur sams konar rif til lands. Sagt er, að rif þessi, og það sem liggur út til Skutulseyjar, hafi hækkað nú í manna minnum, sandur hafi borizt að þeim. Hjörsey var áður mikil jörð, og taldar voru þar fimm hjáleigur á fyrri tíð, en varla munu þær allar hafa verið byggðar í einu. Oddný Þorkelsdóttir eykyndill, sem þeir deildu um Björn Hítðalakappi og Þórður Kolbeinsson, var frá Hjörsey. Þar bjó Hjörseyjar-Helga, dóttir Árna lögmanns Oddssonar, en ekkja séra Þórðar í Hítardal. Kirkja var frá fornu fari í Hjörsey, en var lögð niður 1896. Fleirbýli er þar enn í eyinni. Hjörsey er flatlend eins og hinar aðrar eyjar undan Mýrum og nær öll graslendi. Hefur hún orðið fyrir hinum mesta usla af sjávangangi, landbroti og sandfoki. Útræði var gott frá Hjörsey svo og frá Skutulsey, en heimræði var þarna víðast frá þeim bæjum, er áttu land til sjávar. Reki var mikill, en skerjótt og brimasamt, vandrataðar sjávarleiðir og landingastaðir. Var þarna mjög sjóslysasamt. Strönduðu oft hin stærri skip á skerjum fram af eyinni, og opin skip fórust í sundunum. Á Þormóðsskeri, sem er um 6 km suðvestur af Kóranesi, er kominn fyrir nokkrum árum ágætur ljósviti, og er hann skipum, er þara fara nálægt, mikilsverð slysavörn. Þormóðssker var fyrr á öldum nytjasker. Var þar fugl og selur. Átti Álfaneskirkja skerið. Nú hefur jarðveg skolað þar burt, og verpur þar aðeins svartbakur. Selveiði er horfin þaðan.¹⁶

4.2.1.4. Hrótey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Knararnes:

Fóðrast kann vi kýr, xx lömb, xxx ær, i hestur. Hvað sem meira er af kvikfje, er vogað á fjöru og lítinn útigang á eyjunni, og so á tilfengnum högum og heyjum, er hjer og oftast ásauð í burtu komið á vetur um þann tíma, sem fjeð lembist, því reynt er, að ekki tóngast viðureldið annars. Eggver og dúntekja í sjáfarhólum í betra lagi, hefur áður að stóru gagni verið, en þykir nú fara til rýrðar. Engjar 0, nema litlar í eyjum, sem sækja verður til á skipi, og áðurtalin engjaítök á landi, mjög langt og erfitt til að sækja bæði yfir foröð og fjörur þær, sem liggja millum lands og eyjar, og ekki er fært með hey nema um stórstraumsfjörur.¹⁷

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um jörðina Knararnes:

Byggðar eyjar eru öngar í Borgarþingum utan Knararnes sem fremur má ey heita en nes af því það er umflotið með sjó er skipaleiðin liggur um hvört flóð í gegnum það svokallaða Knararnessund, þótt það sé riðið um hvörja fjöru.¹⁸ [...] Kemur þá Lambeyjaráll sem skilur Straumfjarðarlöndin frá Knararneslöndunum og er þá fyrst að telja Lambeyjar tvær, Skáley, Effersey, Suðureyjar tvær, Elliðaey, Kópaláturseyjar tvær, Hóley, Hrótey og Geldingaey,

¹⁶ Ferðafélag Íslands, Þorsteinn Þorsteinsson, 1953. Árbók: Mýrasýsla, bls. 89-90.

¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 405-405.

¹⁸ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 79.

en vestan Geldingaey liggur áll eður straumröst úr Álftá sem skilur Álftaneshrepp og sókn frá Hraunhrepp og Hjörtseyjarsókn.¹⁹

Knararnes liggur til vestur útnorðurs frá Straumfirði viku sjóar þá sjóleiðis er farið en gildustu bæjarleið þegar farinn er fjöruegur. Það er 40 hndr. að dýrleika, ekki svo landkostaslæm jörð og til útigangs einhvör hin besta fyrir hesta; heyskapur er þar sæmilegur í eyjum, en sendið landslag og sá ókostur – eins og í Hjörsey – að ekki má hafa þar ásauð um fengitíma fyrir því lömbin verða þá öll ýmislega vansköpuð um sauðburðartímenn. Annars gengur þessi jörð mjög lítið af sér enda er hún nú og líka þrýðilega vel setin og umhirt.²⁰

Knararnes, þar liggja undir fjöldamargar óbyggðar eyjar og sker og eru helstu eyjarnar: Hrótey fyrir sunnan Knararnes en vestan Straumfjörð, en landmegin við Knararnes er Saltnes, en í útnorður þaðan er Geldingaey, mikil ey með slæ<gj>um og eggveri.²¹

Knararnes, 32 hndr. Hlynnindi eru mikil, en jörðin erfið, eyjaheyskapur nægilegur en sauðfé verður að hafa á landi. Bæjarleið í norður þaðan við Vogalæk utanverðum.²²

Í landamerkjabréfi fyrir jörðinni Knarranesi, sem lesið var á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 segir m.a.:

1. Milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður Saltnessáll, sem liggur fyrir vestan Búðarey og sunnan Hádegisstein í botninn á Lambeyjarál, og ræður svo Lambeyjaráll fyrir sunnan Lambeyjar, og sunnan framan Skáley til útsuðurs í sjó fram utanvert við Sandeyjarsker. Aftur upp til lands milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður áðurnefndur Saltnessáll, fyrir sunnan saltnesin, alt inni Króksnessveg; þá ræður Hestkelda í vog þann er Eyjarleirar heita, utanvert við Ölvisholt. Ofanskriafaða grein samþykkja Straumfjarðareigendur Jónas Kristjánsson Herdís Sigurðardóttir Guðmundur Sigurðsson 2. Milli Knarrarness og Vogalækjar ráða Eyjasteinar, vestanvert við Vogalækjarey alt norður í Strauma. (Ofanskriafaða grein samþykkir Ásgeir Bjarnason eigandi Vogalækjar) 3. Millum Knarrarness og Hofstaða, ráða staumarnir fyrir norðan Vörðunes og Vörðuneshólma. [...] 4. Millum Knarrarness og Álftáróss ráða Straumarnir fyrir norðan Háley, en sunnan Álftáróshólma, því næst ræður sundið millum Geldingaeyjar og Melrakkaness, norður í álinn sem liggur norðanvert fram með Geldingaeyju. 5. Millum Knarrarness og Hjörtseyjar ræður framhald af ál þeim, sem nefndur er í fjórðu grein sem að ending liggur í sjó fram millum Geldingaeyja og Hjörtseyjar-Lambeyjar. 6. Útaf Knarrarness til liggjandi eyjum liggja þessi útsker sem tilheyra Knarranesi: a) Til útsuðurs

¹⁹ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 79.

²⁰ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 90.

²¹ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 103.

²² Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 113.

af Elliðaey liggur Skarfasker b) Til suðurs af Skarfaskeri liggja Selsker. c) Til vesturs af Selskerjum liggja Bótarsker.²³

Í Árbók Ferðafélags Íslands, 1953, segir eftirfarandi um Knararnes:

Nokkru norðvestar en Straumfjörður er Knarranes, en frá Álftanesi liggur ströndin fyrir Mýrum í norðvestur. Skallagrím bar að landi við Knarranes, er hann kom hingað, og þar bjó hann fyrsta ár sitt hér á landi. Egilssaga segir, að mjótt eiði væri til lands. Virðist svo einnig hafa verið, er sagan var rituð í byrjun 13. aldar. Nú er eiði það af og orðið um 1000 m breitt sund á flæði, en reitt um fjöru. Skipt hefur og Ægir býlinu í tvær eyjar, og heitir sú óbyggða Niðurnes, en Innes heitir langt nes, sem veit til lands á byggðu eyinni. Hefur sjórinn brotið þar, eins og víðar á Mýrum, ærið land undir sig. Knarranes er hlunnindajörð allgagnsöm. Þar bjó allan sinn búskap Ásgeir Bjarnason, veiðimaður mikill, en dýravinur og dúnræktarmaður þjóðkunnur.²⁴

4.2.1.5. Geldingaey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Knararnes:

Fóðrast kann vi kýr, xx lömb, xxx ær, i hestur. Hvað sem meira er af kvikfje, er vogað á fjöru og lítinn útigang á eyjunni, og so á tilfengnum högum og heyjum, er hjer og oftast ásauð í burtu komið á vetur um þann tíma, sem fjeð lembist, því reynt er, að ekki tینگast viðureldið annars. Eggver og dúntekja í sjáfarhólmum í betra lagi, hefur áður að stóru gagni verið, en þykir nú fara til rýrðar. Engjar 0, nema litlar í eyjum, sem sækja verður til á skipi, og áðurtalin engjaítök á landi, mjög langt og erfitt til að sækja bæði yfir foröð og fjörur þær, sem liggja millum lands og eyjar, og ekki er fært með hey nema um stórstraumsfjörur.²⁵

Þá segir í Jarðabók eftirfarandi um jörðina Búð, sem var eyðihjáleiga af Knararnesi:

Geldingaey heitir ein ey, sem jörðin á í sjónum, þar fyrir framan. Þar ætla menn að fornu hafi byggð verið, og sjest enn til tóftarhúsa og girðinga. En enginn nálægur veit að undirrjetta hjer um framar nema hjer sjást og gamlar torfgrafir, sem til líkinda er að þessi ey hafi byggð verið. Aftur má hjer byggja ef fólk til fengist, því túnstæði er gott og heyskapur sæmilegur, en skyldi hjer byggð vera, þá vildi það rýra mjög heimajörðina, og þykir örvænt að hún mundi þá byggjast.²⁶

²³ Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, 1923-1993, bls. 83-84.

²⁴ Ferðafélag Íslands, Þorsteinn Þorsteinsson, 1953. Árbók: Mýrasýsla, bls. 87.

²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 405-405.

²⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 405.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um jörðina Knararnes:

Byggðar eyjar eru öngar í Borgarfjörðum utan Knararnes sem fremur má **ey** heita en nes af því það er umflotið með sjó er skipaleiðin liggur um hvört flóð í gegnum það svokallaða Knararnessund, þótt það sé riðið um hvörja fjöru.²⁷ [...] Kemur þá Lambeyjaráll sem skilur Straumfjarðarlöndin frá Knararneslöndunum og er þá fyrst að telja Lambeyjar tvær, Skáley, Effersey, Suðureyjar tvær, Elliðaey, Kópáláturseyjar tvær, Hóley, Hrótey og Geldingaey, en vestan Geldingaey liggur áll eður straumröst úr Álftá sem skilur Álftaneshrepp og sókn frá Hraunhrepp og Hjörtseyjarsókn.²⁸

Knararnes liggur til vestur útnorðurs frá Straumfirði viku sjóar þá sjóleiðis er farið en gildustu bæjarleið þegar farinn er fjöruvegur. Það er 40 hndr. að dýrleika, ekki svo landkostaslæm jörð og til útigangs einhvör hin besta fyrir hesta; heyskapur er þar sémilegur í eyjum, en sendið landslag og sá ókostur – eins og í Hjörsey – að ekki má hafa þar ásauð um fengitíma fyrir því lömbin verða þá öll ýmislega vansköpuð um sauðburðartímenn. Annars gengur þessi jörð mjög lítið af sér enda er hún nú og líka prýðilega vel setin og umhirt.²⁹

Knararnes, þar liggja undir fjöldamargar óbyggðar eyjar og sker og eru helstu eyjarnar: Hrótey fyrir sunnan Knararnes en vestan Straumfjörð, en landmegin við Knararnes er Saltnes, en í útnorður þaðan er Geldingaey, mikil ey með slæ<gj>um og eggveri.³⁰

Knararnes, 32 hndr. Hlynnindi eru mikil, en jörðin erfið, eyjaheyskapur nægilegur en sauðfé verður að hafa á landi. Bæjarleið í norður þaðan við Vogalæk utanverðum.³¹

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir eftirfarandi um Geldingaey:

Eyðieyjan Geldingaey var fyrrum byggð og þá metin 10 hndr.³²

Að auki þeirra jarða sem áður upptaldar eru í sókninni, hvörjar allar eru<u> kirkjunnar eign, á hún þessar eftirfylgjandi: A. Í Mýrasýslu: Knararnes með Geldingaeyjum í sömu sókn og hrepp, C. Í Snæfellsnessýslu: Kirkjan á hér að auki Hvalseyjar hálfar sem eru framundan Ökrum hvar að er selveiði, æðarvarp og nokkur lundatekja, þar vex skarfakál og hvannir.³³

²⁷ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls.79.

²⁸ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 79.

²⁹ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 90.

³⁰ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 103.

³¹ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 113.

³² Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 116.

³³ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 150.

Í landmerkjabréfi sem lesið var á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 landamerkjabók segir m.a. um jörðina Knarrarnes:

1. Milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður Saltnessáll, sem liggur fyrir vestan Búðarey og sunnan Hádegisstein í botninn á Lambeyjarál, og ræður svo Lambeyjaráll fyrir sunnan Lambeyjar, og sunnan framan Skáley til útsuðurs í sjó fram utanvert við Sandeyjarsker. Aftur upp til lands milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður áðurnefndur Saltnessáll, fyrir sunnan saltnesin, alt inni Króksnessveg; þá ræður Hestkelda í vog þann er Eyjarleirar heita, utanvert við Ölvisholt. Ofanskrifaða grein samþykkja Straumfjarðareigendur Jónas Kristjánsson Herdís Sigurðardóttir Guðmundur Sigurðsson 2. Milli Knarrarness og Vogalækjar ráða Eyjasteinar, vestanvert við Vogalækjarey alt norður í Strauma. (Ofanskrifaða grein samþykkir Ásgeir Bjarnason eigandi Vogalækjar) 3. Millum Knarrarness og Hofstaða, ráða staumarnir fyrir norðan Vörðunes og Vörðuneshólma. [...] 4. Millum Knarrarness og Álftáróss ráða Straumarnir fyrir norðan Háley, en sunnan Álftáróshólma, því næst ræður sundið millum Geldingaeyjar og Melrakkaness, norður í álinn sem liggur norðanvert fram með Geldingaeyju. 5. Millum Knarrarness og Hjörtseyjar ræður framhald af ál þeim, sem nefndur er í fjórðu grein sem að ending liggur í sjó fram millum Geldingaeyja og Hjörtseyjar-Lambeyjar. 6. Útaf Knarrarness til liggjandi eyjum liggja þessi útsker sem tilheyra Knarrarnesi: a) Til útsuðurs af Elliðaey liggur Skarfasker b) Til suðurs af Skarfaskeri liggja Selsker. c) Til vesturs af Selskerjum liggja Bótarsker.³⁴

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1953 segir eftirfarandi um Knarrarnes:

Nokkru norðvestar en Straumfjörður er Knarrarnes, en frá Álftanesi liggur ströndin fyrir Mýrum í norðvestur. Skallagrím bar að landi við Knarrarnes, er hann kom hingað, og þar bjó hann fyrsta ár sitt hér á landi. Egilssaga segir, að mjótt eiði væri til lands. Virðist svo einnig hafa verið, er sagan var rituð í byrjun 13. aldar. Nú er eiði það af og orðið um 1000 m breitt sund á flæði, en reitt um fjöru. Skipt hefur og Ægir býlinu í tvær eyjar, og heitir sú óbyggða Niðurnes, en Innes heitir langt nes, sem veit til lands á byggðu eyinni. Hefur sjórinn brotið þar, eins og víðar á Mýrum, ærið land undir sig. Knarrarnes er hlunnindajörð allgagnsöm. Þar bjó allan sinn búskap Ásgeir Bjarnason, veiðimaður mikill, en dýravinur og dúnræktarmaður þjóðkunnur.³⁵

4.2.1.6. Knarrarnes

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Knarrarnes:

Fóðrast kann vi kýr, xx lömb, xxx ær, i hestur. Hvað sem meira er af kvikfje, er vogað á fjöru og lítinn útigang á eyjunni, og so á tilfengnum högum og heyjum, er hjer og oftast ásauð í burtu komið á vetur um þann tíma, sem fjeð lembist, því reynt er, að ekki tóngast viðureldið annars. Eggver og dúntekja í

³⁴ Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, 1923-1993, bls. 83-84.

³⁵ Ferðafélag Íslands, Þorsteinn Þorsteinsson, 1953. Árbók: Mýrasýsla, bls. 87.

sjáfarhólmum í betra lagi, hefur áður að stóru gagni verið, en þykir nú fara til rýrðar. Engjar 0, nema litlar í eyjum, sem sækja verður til á skipi, og áðurtalin engjaítök á landi, mjög langt og erfitt til að sækja bæði yfir foröð og fjörur þær, sem liggja millum lands og eyjar, og ekki er fært með hey nema um stórstraumsfjörur.³⁶

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um jörðina Knararnes:

Byggðar eyjar eru öngar í Borgarþingum utan Knararnes sem fremur má ey heita en nes af því það er umflotið með sjó er skipaleiðin liggur um hvört flóð í gegnum það svokallaða Knararnessund, þótt það sé riðið um hvörja fjöru.³⁷ [...] Kemur þá Lambeyjaráll sem skilur Straumfjarðarlöndin frá Knararneslöndunum og er þá fyrst að telja Lambeyjar tvær, Skáley, Effersey, Suðureyjar tvær, Elliðaey, Kópaláturseyjar tvær, Hóley, Hrótey og Geldingaey, en vestan Geldingaey liggur áll eður straumröst úr Álftá sem skilur Álftaneshrepp og sókn frá Hraunhrepp og Hjörtseyjarsókn.³⁸

Knararnes liggur til vestur útnorðurs frá Straumfirði viku sjóar þá sjóleiðis er farið en gildustu bæjarleið þegar farinn er fjöruvegur. Það er 40 hndr. að dýrleika, ekki svo landkostaslæm jörð og til útigangs einhvör hin besta fyrir hesta; heyskapur er þar sæmilegur í eyjum, en sendið landslag og sá ókostur – eins og í Hjörsey – að ekki má hafa þar ásauð um fengitíma fyrir því lömbin verða þá öll ýmislega vansköpuð um sauðburðartímenn. Annars gengur þessi jörð mjög lítið af sér enda er hún nú og líka þrýðilega vel setin og umhírt.³⁹

Knararnes, þar liggja undir fjöldamargar óbyggðar eyjar og sker og eru helstu eyjarnar: Hrótey fyrir sunnan Knararnes en vestan Straumfjörð, en landmegin við Knararnes er Saltnes, en í útnorður þaðan er Geldingaey, mikil ey með slæ<gj>um og eggveri.⁴⁰

Knararnes, 32 hndr. Hlynnindi eru mikil, en jörðin erfið, eyjaheyskapur nægilegur en sauðfé verður að hafa á landi. Bæjarleið í norður þaðan við Vogalæk utanverðum.⁴¹

Í landmerkjabréfi sem lesið var á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 landamerkjabók segir m.a. um jörðina Knararnes:

³⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Mýrasýsla (IV. bindi), bls. 402-405.

³⁷ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 79.

³⁸ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 79.

³⁹ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 90.

⁴⁰ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 103.

⁴¹ Sögufélag Örnefnastofnunar Íslands. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björg Ingimundardóttir, 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 113.

